

Samþykkt í borgarstjórn 15. maí 2018

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020

Staða verkefna – yfirfarið 8. október 2020



Inngangur

Aðgerðaráætlunin er unnin af ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar. Hún er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd.

Aðgerðaráætlunin byggir meðal annars á:

- ✓ Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar
- ✓ Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- ✓ Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis
- ✓ Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum
- ✓ Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn)
- ✓ Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Niðurstöðum ýmissa rannsókna sem hafa verið unnar á þessu sviði á undanförunum árum
- ✓ Upplýsingum og tölfræði sem hefur verið safnað af Reykjavíkurborg m.a. í verkefninu **Saman gegn ofbeldi**

Aðgerðir

Hér á eftir fara aðgerðirnar. Þær eru kaflaskiptar eftir helstu viðfangsefnum.

Ofbeldisvarnarnefnd

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs.

Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Ofbeldisvarnarnefnd er skipuð 7 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Markmið:

Markmiðið með starfi nefndarinnar er að stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Aðgerð 1

Samráðsvettvangur

Skapa vettvang fyrir samráð borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna með því að starfrækja ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar.

Ábyrgðaraðili: Borgarráð.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

Tímarammi/staða: Á meðan samþykktir um hana eru í gildi.

Fjárheimildir vegna ofbeldisvarnarnefndar eru kr. 1.940.000.

Starfar.

Aðgerð 2

Vitundarvakning

Vekja athygli á ýmsum birtingamyndum ofbeldis og leiðum til að vinna gegn ofbeldi með opnum fundum borgarstjórnar og ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar, morgunverðarfundum og/eða ráðstefnum. Sérstök áhersla verði lögð á ungt fólk og ofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

Tímarammi/staða: 2018.

Fjárheimildir 2018, kr. 772.000.

Það hafa verið haldnar þrjár ráðstefnur/málþing og opnir fundir.

Saman gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Þolendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð, vinna lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt og börn fá stuðning frá sálfræðingum barnaverndar Reykjavíkur.

Markmið

Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á samstarfsverkefninu.

Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu er einnig kallaður til ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotþola á staðnum.

Aðgerð 3

Ráðgjöf og stuðningur í útkalli og í kjölfar þess

Veita ráðgjöf og stuðning í útkalli og í kjölfar þess. Starfsmaður barnaverndar og félagsráðgjafi/sérfræðingur á þjónustumiðstöð mætir á heimili með lögreglu í útköllum vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á staðnum. Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er brotápoli spurður hvort kalla megi til sérfræðing velferðarþjónustunnar.

Félagsráðgjafi hefur samband við brotáþola innan fjögurra virkra daga og býður brotáþola upp á viðtal.

Félagsráðgjafi og lögregla fara saman í eftirfylginiheimsókn á heimilið innan tveggja vikna og er tilgangurinn m.a. að kanna hvort aðstæður hafi breyst, hvort ofbeldið sé viðvarandi og til að minna aftur á þá aðstoð sem er í boði.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið - þjónustumiðstöðvar.

Samstarfsaðilar: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert.

Aðgerð 4

Ráðgjöf til brotáþola og gerenda

Veita brotáþolum og gerendum markvissa ráðgjöf. Öllum brotáþolum og gerendum heimilisofbeldis er boðið upp á skipulagða félagslega ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum þjónustumiðstöðvar. Áhersla er lögð á að biðtími eftir ráðgjöf verði stuttur og að málið verði skilgreint sem forgangsmál.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert.

Aðgerð 5

Stuðningur við börn með viðtölum

Veita börnum sem verða vitni af heimilisofbeldi stuðning með viðtölum. Barnavernd Reykjavíkur býður börnum sem verða vitni af heimilisofbeldi viðtöl við sálfræðinga.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert.

Aðgerð 6

Skráning tölfraeðiupplýsinga og skimun

Skrá með skipulögðum hætti upplýsingar um ofbeldi. Félagssráðgjafar þjónustumiðstöðva skrá upplýsingar m.a. í útköllum. Félagssráðgjafar skima einnig fyrir ofbeldi hjá öllum sem koma í viðtöl til þeirra.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Félagssráðgjafar skrá upplýsingar í útköllum en það er ekki alltaf skimað. Þyrfti að gera átak í að bæta skimun.

Aðgerð 7

Söfnun tölfraeðiupplýsinga og birting

Taka saman tölfraeðiupplýsingar á Velferðarsviði og hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og birta sameignlega með reglubundnum hætti á vef borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar/verkefnisstjóri, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Uppfært í hverjum mánuði.

Tölulegar upplýsingar frá lögreglu og Reykjavíkurborg eru birtar mánaðarlega á <https://reykjavik.is/saman-gegn-ofbeldi>

Aðgerð 8

Fræðsla fyrir starfsfólk

Veita ráðgjöfum þjónustumiðstöðva og starfsfólki Barnaverndar, sem fara í útköll og sinna eftirfylgni um ýmsar hliðar heimilisofbeldis, fræðslu um ýmsar birtingarmyndir ofbeldis. Einnig að vera með fræðslu um þá hópa sem er hvað hættast við að verða fyrir ofbeldi s.s. fatlað fólk og sérstöðu annarra hópa s.s. hinsegin samfélagsins og hvað annað sem þeim finnst gagnast í þessu starfi.

Ábyrgðaraðili: Teymið sem stýrir Saman gegn ofbeldi og verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert. Það hafa verið fræðslufundir um verkefnið, Heimilisfrið, túlkun, símatúlkun haldin erindi og staðið fyrir umræðum á stöðum sem þjónusta fatlað fólk, fræðsla um heimilisofbeldi og hinsegin á þjónustumiðstöðvum og um heimilisofbeldi og innflytjendur o.s. frv.

Aðgerð 9

Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar

Vera með upplýsingar á vefsíðu borgarinnar um það hvert brotapolar og gerendur geta leitað til að fá aðstoð. Einnig að birta tölfraeðiupplýsingar um verkefnið **Saman gegn ofbeldi**, skýrslur og annað efni sem lýtur að verkefninu m.a. um það hvaða fræðsla býðst.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert og uppfært reglulega.

Aðgerð 10

Upplýsingagjöf á erlendum tungumálum

Birta upplýsingaefni um það hvar sé hægt að leita aðstoðar á ensku og pólsku þ.e. í því upplýsingaefni sem er birt á vefsíðu borgarinnar og í útgefnu efni. Einnig er boðið upp á túlkapjónustu og starfsfólk fær þjálfum í að nota hana.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjórn/verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert.

Aðgerð 11

Samstarf við frjáls félagasamtök

Samstarf er við félagasamtök sem vinna með innflytjendum, átthagafélög innflytjenda og trúfélög um dreifingu upplýsinga um heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjóri.

Samstarf: Sérfræðingar í innflytjendamálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert.

Aðgerð 12

Meðferð fyrir gerendur

Rjúfa vítahring ofbeldis með því að vísa gerendum á meðferðarúrræði og í sumum tilvikum veita þeim styrk til að nýta sér það.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Er gert.

Aðgerð 13

Kortleggja meðferð fyrir gerendur

Kortleggja meðferð fyrir gerendur. Greina hver er að veita hana, hvaða styrki hún er að fá og hvernig hún nýtist og skoða m.a. möguleika innflytjenda til að nýta sér þessa þjónustu.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd/mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: 2018/2019.

Heimilisfriður, sem er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánnum samböndum, veitir meðferð fyrir gerendur. Velferðarráðuneytið er eini aðilinn sem styrkir þetta verkefni reglubundið og er það gert með samningi sem er til eins árs í senn. Ráðuneytið niðurgreiðir viðtölin þannig að skjólstæðingar greiða sjálfir einungis komugjöld. Þessi niðurgreiðsla einskorðast við gerendur í makaofbeldi en felur í sér takmarkaðan stuðning við brotaþola. Reykjavíkurborg styrkti verkefnið einu sinni og var sá styrkur sérstaklega eyrnamerkur fræðslu.

Háskóli Íslands, rannsóknarstofa í barna og fjölskylduvernd gerði heildarúttekt, árangursmat 2013 og 2014. Fram kom að meðferðin skilaði árangri þó meiri í tengslum við líkamlegt ofbeldi en andlegt ofbeldi.

Þeir sem ekki tala íslensku geta fengið meðgerð en þurfa þá að vera með túlk. Þetta hefur oft verið gert og er þá oftast um að ræða tilvísanir frá barnavernd eða félagsþjónustunni. Í þeim tilvikum hefur barnavernd/ félagsþjónustan kostað túlkþjónustuna. Fram kemur í upplýsingum frá Heimilisfriði að það sé áberandi lélegri árangur af þeim málum þar sem unnið er með túlk en í þeim málum þar sem það er ekki gert og hefur þess vegna oft verið reynt að vinna á ensku. Það kom einnig fram í svari Heimilisfriðar og þau hefðu oft velt því fyrir sér að fá utanaðkomandi túlka (erlendis frá) til að koma í veg fyrir smitun frá fámenninu á okkar litla landi en það sé ekki komið í gagnið.

Eftirspurn eftir þjónustu Heimilisfriðar hefur aukist eftir að Covid -19 kom upp.

Samantekt m.a. byggð á svörum frá Heimilisfriði.

Aðgerð 14

Fatlað fólk og ofbeldi

Leggja áherslu á stöðu fatlaðs fólks í tengslum við ofbeldi. Fatlaðar konur og börn eru í einna mestri hættu á að verða beitt ofbeldi í samfélaginu. Fatlað fólk getur verið þolendur ofbeldis með sama hætti og ófatlað fólk. Hins vegar á fatlað fólk það einnig á hættu að vera beitt ofbeldi sem sérstaklega er bundið við stuðningsþarfir þess og jaðarsetta stöðu í samfélaginu.

Fræðsla verði í boði fyrir starfsstaði um fatlað fólk og ofbeldi. Einnig verði sett upp rafrænt fræðsluefni fyrir allt starfsfólk sem hefur störf með fötluðu fólki. Reglulegt samráð verði haft við

réttindagæslumenn fatlaðs fólks í Reykjavík til þess að hægt verði að bregðast við ábendingum þeirra varðandi stöðu fatlaðs fólks í borginni.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi: Viðvarandi.

Er gert. Farið hefur verið á um 60 vinnustaði sem tengjast þjónustu við fatlað fólk og haldnir fyrirlestrar og hvatt til umræðu um heimilisofbeldi og fatlað fólk.

Búið er að setja á netið fræðsluefni um heimilisofbeldi og fatlað fólk og er það efni er alltaf í þróun.

Fundað hefur verið með réttindagæslumönnum og farið yfir stöðu mála.

Aðgerð 15

Aðgengi fatlaðs fólks að jafningjafræðslu

Kanna möguleika til að bæta aðgengi fatlaðs fólks í borginni að jafningjafræðslu sbr. 16. og 26. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Áhersla verði lögð á að veita fötluðu fólki fræðslu og upplýsingar á jafningjagrundvelli um réttindi sín sem og hvernig hægt sé að átta sig á og tilkynna um ofbeldi.

Einnig verði kannaðir möguleikar á því að tryggja aðstoð á jafningjagrundvelli til fatlaðs fólks í borginni vegna ofbeldis eða annarrar erfiðrar reynslu.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Samstarfsaðili: Tabú/ÖBÍ/réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Farið hefur verið yfir þetta með réttindagæslumönnum fatlaðs fólks og haft samband við Tabú.

Jafningjafræðsla: Það er boðið upp á klæðskerasaumaða jafningjafræðslu (er nýtt). Sníða þarf fræðsluna hverju sinni að þeim hópi sem óskar eftir henni.

Jafningjaráðgjöf: Ekki hefur reynst auðvelt í framkvæmd að veita jafningjaráðgjöf en málið hefur verið rætt við ýmsa aðila.

Aðgerð 16

Heimilisofbeldi og hinsegin fólk

Leggja áherslu á það, í samstarfi við Samtökin '78, að ná til hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi. Vera með fræðslu um heimilisofbeldi og hinsegin fólk á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Einnig fái Samtökin '78 fræðslu um heimilisofbeldi og verkefnið **Saman gegn ofbeldi**. Efla umræðu um hinsegin fólk og heimilisofbeldi í samstarfi við félag hinsegin fólks.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Hefur verið gert/er gert. Stofnaður hefur verið sérstakur tengiliður á hverri þjónustumiðstöð í tengslum við hinsegin og heimilisofbeldi og samstarf við Samtökin '78 eftl.

Búið að fara með fræðslu inn á allar lögreglustöðvar. Gefinn hefur verið út bæklingur um Hinsegin og heimilisofbeldi.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/saman_gegn_ofbeldi_hinsegin_2019_interact_opnur.pdf

Aðgerð 17

Aldraðir og ofbeldi

Setja á fót starfshóp sem skili tillögum um það hvernig vinna megi gegn ofbeldi meðal aldraðra. Hópurinn taki mið að þeirri vinnu sem hefur verið skilað í sambandi við ofbeldi gegn fötluðu fólki, innflytjendum og hinsegin fólki.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa/verkefnisstjóri *Saman gegn ofbeldi*.

Tímarammi/staða: 2018.

Hópurinn hefur lokið störfum og hafa tillögur hans verið kynntar öllum nefndum og ráðum innan borgarinnar. Unninn hefur verið, með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, drög að bæklingi um aldraða og heimilisofbeldi sem skilað var í lok september 2020.

Samantekt og tillögur hópsins:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_starfshops_um_aldrada_og_heimilisofbeldi.pdf

Aðgerð 18

Reglulegir samráðsfundir

Halda reglubundna samráðsfundi í teyminu sem stýrir verkefninu *Saman gegn ofbeldi*. Teymið er skipað fulltrúum frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, skrifstofu Velferðarsviðs, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Kvænnaathvarfinu og heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn eigi einnig samstarf við grasrótarsamtök, fræðasamfélagið og önnur sveitarfélög.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

Samstarfsaðilar: Grasrótarsamtök, fræðasamfélagið, ríkið önnur sveitarfélög og aðrir sem vinna gegn ofbeldi.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Fjárheimildir: Saman gegn ofbeldi fékk 44 millj. kr. úthlutað á árinu 2018.

Er gert.

Þjónustusamningar

Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við grasrótarsamtök sem vinna með brotaþolum ofbeldis. Vinna grasrótarsamtaka með brotaþolum bæði heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis er mikilvæg og viðurkennir borgin það í verki með þjónustusamningum við þau. Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í rekstri Bjarkarhlíðar sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Velferðarráðuneytisins, Dómsmálaráðuneytisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Samtaka um Kvennaathvarf, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eiga sæti í stjórn og framkvæmdastjórn verkefnisins.

Markmið

Að veita borgarbúum sem hafa orðið fyrir ofbeldi stuðning, ráðgjöf og meðferð ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis. Auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið.

Samningar við grasrótarsamtök og samstarfsverkefnið um Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, tryggir að í boði sé þjónusta sem höfðar til breiðs hóps. Í sumum tilvikum er þjónustan einvörðungu veitt af grasrótarsamtökum eins og lóðið er með Kvennaathvarfið.

Aðgerð 19

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Kvennaathvarfið

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Kvennaathvarfisins þannig að konum og börnum þeirra bjóðist dvöl og ráðgjöf þegar þær þurfa á að halda.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Samningur í gildi, Reykjavíkurborg greiðir kr. 12.500.000 á ári til Kvennaathvarfisins.

Aðgerð 20

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Stígamót

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Stígamóta þannig að áfram verði hægt að bjóða upp á ókeypis þjónustu við brotaþola kynferðisofbeldis í Reykjavík

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Samningur í gildi. Reykjavíkurborg greiðir kr. 12.000.000 á ári til Stígamóta.

Aðgerð 21

Aðild að rekstri Bjarkarhlíðar

Taka þátt í rekstri og þróun þjónustunnar í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, sem er tilraunaverkefni sem stendur til loka ársins 2018. Ofbeldisvarnanefnd telur Bjarkarhlíð hafa sannað mikilvægi sitt og mikilvægt er að tryggja starfsemi áfram. Lagt er til að ráð verði gert fyrir áframhaldandi árlegum stuðningi, en forsenda er aðkoma ríkisins að rekstri.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd

Kostnaður: Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir starfsemina. Bókfærður kostnaður er kr. 4.172.000 á árinu 2018. Gera þarf ráð fyrir þeim kostnaði árlega.

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði og fulltrúar borgarinnar sitja í stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar og taka þátt í þróun þjónustunnar.

Barnavernd

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Það er hlutverk Barnaverndar að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Leitast er við að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarlögum er kveðið á um að allir sem hafa með uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

1. Eftirlit. Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, hárterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
2. Úrræði. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
3. Önnur verkefni. Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í barnaverndarlögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

Markmið:

Bæta uppeldisskilyrði barna á heimilum þeirra og almennt í samfélaginu. Tryggja að öll börn búi við öryggi.

Ábyrgðaraðili: Barnaverndarnefnd

Aðgerð 22

Bregðast án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni

Barnaverndarstarfsfólk bregst án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni. Til að auðvelda leiðina til að tilkynna hefur verið komið upp tilkynningahnappi á vefsíður borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Allar tilkynningar sem berast Barnavernd Reykjavíkur varðandi ofbeldi eru í forgangi varðandi það að vinnsla í málum þeirra barna bíði ekki. Það fer eftir alvarleika tilkynninganna hverju sinni hvort að farið sé strax á heimili til að tryggja öryggi barnanna og meta hvort að þörf sé á því að barnið komist í skjól. Fyrstu stig þessara mála eru oft þess eðlis að reynt er að ræða við barn hafi það aldur og þroska til á fyrstu stigum málsins til að meta umfang og eðli ofbeldisins. Í kjölfar er rætt við forsjáraðila og metið hvort að barn þurfi tímabundið að fara af heimilinu, telji starfsmenn barnaverndar aðstæður barnsins í umsjá forsjáraðila ótryggar. Þetta á eingöngu við ef að forsjáraðili liggur undir grun um að beita ofbeldi.

Aðgerð 23

Byggja upp úrræði til eflingar foreldrahæfni

Barnavernd kemur að uppbyggingu og eflingu úrræða sem ætlað er að efla foreldrahæfni. Þetta er gert í samstarfi við aðra aðila og til hagsbóta fyrir foreldra og börn.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Barnavernd Reykjavíkur hefur til umráða úrræði sem hefur verið sérsníðið að barnaverndarmálum. Um er að ræða úrræði inn á Vistheimili barna, sem er starfrækt heimili á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Þar eru til tvö úrræði, annars vegar úrræði Greiningar og ráðgjafar heim, en það úrræði er þess eðlis að uppeldimenntaðir aðilar fara reglulega á heimili fjölskyldu sem talinn er í þörf fyrir styrkingu á uppeldishlutverki sínu í 6-10 vikur með það að markmiði að styrkja uppeldisfærni foreldra. Sú nálgun byggir m.a. á PMTO hugmyndafræði. Síðan er til annað úrræði inn á Vistheimili barna sem kallast greiningar- og leiðbeiningarvistun, en slíkt úrræði er yfirgripsmeira og felur það í sér að barnið vistast á vistheimilinu í 6 til 8 vikur og er gerð krafa um að foreldri dvelji á heimilinu með barninu þar sem að fylgst er með samskiptum og veitt ráðgjöf og kennsla við forsjáraðila þann tíma sem barnið vistast á heimilinu. Enn fremur notast Barnavernd Reykjavíkur við alls kyns úrræði sem eru í boði hjá Reykjavíkurborg á borð við tilsjón, persónulega ráðgjöf, stuðningsfjölskyldu svo eitthvað sé nefnt.

Aðgerð 24

Fræðsla og handleiðsla í skólum og tómstundastarfi

Barnavernd sér um fræðslu á barnaverndarlögum og þeim skyldum sem starfsfólk í skóla- og tómstundastarfi þarf að mæta samkvæmt þeim. Einnig sér barnavernd um handleiðslu við starfsfólk þegar á þarf að halda.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Reglulegir samráðsfundir eru haldnir með öllum skólum í Reykjavík, einu sinni til tvisvar á skólaári, en þar sitja skólastjórnendur ásamt þjónustumiðstöð þar sem að verklag, lög og reglur eru ræddar m.t.t. vinnslu barnaverndarmála. Að sama skapi er eftir þörfum farið inn með fræðslu inn í skóla.

Aðgerð 25

Þátttaka í verkefninu *Opinskátt um ofbeldi*.

Sjá nánar aðgerð 27.

Aðgerð 26

Kortlagning á úrræðum fyrir börn og mat á þörfum á úrbótum

Farið verði í greiningavinnu á þeim úrræðum sem börnum bjóðast ef þau eru brotapolar ofbeldis eða hafa upplifað ofbeldi á heimili. Meta þarf þörf á úrbótum.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur

Það er ákveðin vinna í gangi hjá Barnavernd Reykjavíkur sem og þjónustumiðstöðvum í hverfinu, sbr. framkvæmdaráætlun í barnavernd.

Ræða opinskátt um ofbeldi við börn, bæta ferla og efla þekkingu

Verkefnið *Opinskátt um ofbeldi* snýst um að gera starfsfólk betur í stakk búið til að tala um ofbeldi og bregðast við ef það verður vart við að börn búi við ofbeldi. Verkefnið snýst einnig um það að gera börnum kleift að fjalla um ofbeldi. Þrír starfsstaðir; leikskólinn Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland, tóku þátt í þessu tilraunaverkefni. Borgarstjórn hefur ákveðið að innleiða verkefnið í öllum hverfum borgarinnar. Hreinskiptin umræða um ofbeldi og afleiðingar þess sem sniðin er að þroska barna á leik- og grunnskólaaldri er skref í þá átt að draga tjöldin frá og rjúfa þögnina sem hefur umlukið ofbeldi.

Markmið:

Auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því.

Aðgerð 27

Opinskátt um ofbeldi í öllum hverfum borgarinnar

Innleiða verkefnið/verklagið í öllum hverfum borgarinnar með því m.a. að:

- ✓ Ræða við börn um ofbeldi, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi
- ✓ Tryggja að börn viti af hjálpi, t.d. með veggspjöldum í öllum skólum
- ✓ Vera með skýra ferla sem snúa að tilkynningum til barnaverndar og hver tilkynnir og hver sér um samskipti við foreldra

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðili: Barnavernd og mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Innleiðing hefst haustið 2018.

Kostnaður: 10 millj. veittar til verkefnisins árið 2018.

Haldið var námskeið fyrir leik- grunnskóla og frístund í nóvember 2019 í samstarfi við Barnahús og Barnavernd Reykjavíkur. Á námskeiðið mættu fulltrúar frá fimm leikskólum, tíu grunnskólum, og sex frístundamiðstöðvum, félagsmiðstöðvum og farteymi vestur.

Grunnskólar sem hafa fengið fræðslu um OOU eftir að hafa sent tengiliði námskeið eru Háaleitisskóli /Álftamýri, Laugarnesskóli og Grandaskóli.

Til stóð að verkefnisstýra færi á starfsstaði með fræðslu í febrúar og mars til að fylgja námskeiðinu eftir (þessu sem var haldið í nóv-19) en verkföll og svo C-19 settu þar strik í reikninginn og fjölda fyrirlestra og heimsókna var aflýst.

Þá stóð einnig til að halda næsta námskeið (af þremur) með Barnavernd og Barnahúsi í mars en vegna aðstæðna varð ekkert af því.

Leikskólar sem hafa fengið fræðslu um OOU eftir að hafa sent tengiliði á námskeið eru Hálsaskógur og Álftaborg.

Leikskólinn Gullborg er farinn af stað með verkefnið.

Frístundaheimili sem farin er af stað með OOU er Undraland / Grandaskóla.

Næsta námskeið Opinskátt um ofbeldi.

Fyrir liggur að hafa námskeið Opinskátt um ofbeldi í samstarfi við Barnavernd Reykjavíkur og Barnahús. Boð á námskeiðið er sent á alla starfsstaði leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, skólahljómsveitir, tónlistarskóla, skólahjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa í skólum og námsráðgjafa. Lagt er til að hver starfsstaður sendi tvo til þrjú fulltrúa sem eru kyndilberar og stuðningsaðilar verkefnisins á starfsstaðnum og þar með tengiliðir við verkefnastýru hjá NýMið. Áætlað var að halda a.m.k. þrjú námskeið til viðbótar.

Myndband um Opinskátt um ofbeldi (á vinnslustigi)

Veggspjöld og límmiða á eftir að prenta og senda til starfsstaða

Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi

Tíðni kynferðisofbeldis er svo há að allt fagfólk Reykjavíkurborgar sem vinnur með fólki er líklegt til þess að hitta brotþola í störfum sínum. Þess þarf að gæta að halda á lofti umræðu um kynferðisofbeldi og að fagfólk viti hvar hægt sé að leita eftir upplýsingum og hvert beri að beina fólki. Í samningi Stígamóta er tilgreint að Stígamót sjái um fræðslu m.a. á þjónustumiðstöðvum.

Markmið:

Að efla þekkingu starfsfólks á heimilisofbeldi og gera það betur í stakk búið til að veita ráðgjöf og beina fólki í þjónustu.

Aðgerð 28

Fræðsla um kynferðisofbeldi

Þjóða upp á fræðslu Stígamóta í fræðsluáætlun velferðarsviðs og einnig í miðlægri fræðslu hjá borginni.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Samstarfsaðili: Stígamót.

Tímarammi/staða: 2018-2020.

Kostnaður: Er tilgreint í samningi að Stígamót sjái um þessa fræðslu.

Boðið er upp á fræðslu hjá Reykjavíkurborg um kynferðisofbeldi sem Stígamót hafa séð um skv. þjónustusamningi. Á árinu 2019 var þetta gert fjórum sinnum en eftir Covid-19 hefur verið erfitt að vera með fræðslu. Vilji er til þess að skoða það í Samvinnu við Stígamót að vera með „rafræna“ fræðslu/upptökur.

Kennsluefni um ofbeldi í formlegum námskrám á öllum skólastigum

Samkvæmt Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi sem Ísland hefur undirritað er gert ráð fyrir að til sé kennsluefni í formlegum námskrám á öllum stigum skólakerfisins. Gerð námsefnis er á verksviði ríkisins.

Markmið:

Að auka þekkingu barna og ungmenna á ofbeldi þannig að þau geti tekið afstöðu gegn því og sagt frá ofbeldi búi þau við það.

Aðgerð 29

Námsefni um ofbeldi

Senda Menntamálastofnun hvatningu um gerð námsefnis og skoða hvort einhverjar leiðir séu færar, í gegnum styrki sem ráð borgarinnar veita, til að styrkja gerð námsefnis.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar.

Tímarammi: Árlega.

Samstarf: Jafnréttisskóli Skóla- og frístundasviðs.

Kostnaður: Enginn fyrir Reykjavíkurborg nema ef af styrkveitingu verður.

Sent bréf dags. 10 apríl 2019 þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvaða efni sé til sem fellur undir 14. grein samningsins. Ekkert svar hefur borist.

Vekja athygli á því námsefni sem er til um ofbeldi

Örugg saman er námsefni fyrir 9. til 10. bekk sem er byggt á bandarísku gagnvirku námsefni sem var unnið út frá rannsóknum. Þessi aðferð er ein þeirra sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnun mælir með til að draga úr ofbeldi í nánum samböndum. Um er að ræða kennslustundir sem fjalla um hvernig samskipti geta verið góð og uppbyggileg, fjalla um staðalmyndir, ofbeldi í samböndum og kynferðisofbeldi. Efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður af Landlæknisembættinu.

Sjúk ást er upplýsingaefni fyrir vef sem Stígamót hafa unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti og er að finna á www.sjukast.is

Markmið:

Draga úr ofbeldi í nánum samböndum meðal ungs fólks.

Aðgerð 30

Kynna námsefni

Vekja athygli stjórnenda skóla og kennara á námsefninu.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: SFS, sérstaklega jafnréttisskólinn.

Tímarammi/staða: 2018.

Áætlaður kostnaður: Enginn.

Verkefnisstýra jafnréttisskólans hefur vakið athygli á námsefninu.

Öruggir skemmtistaðir/umhverfi/borg

Reykjavíkurborg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafa skrifað undir samkomulag um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði. Sett hefur verið á fót samstarfsteymi þessara aðila sem vinnur að því að útfæra samkomulagið sem m.a. felur í sér fræðslu fyrir dyraverði og úttektarheimsóknum m.t.t. öryggis. Samkomulagið fól í sér m.a. að Reykjavíkurborg varð 4.000.000 kr. til kaupa á öryggismyndavélum.

Vilji er til að skoða verkefni sem er svipað Real Stars í Gautaborg og lýtur að því að gera samkomulag við hótél og gististaði um að útiloka vændi og klám.

Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í verkefninu Safe Nordic cities.

Markmið:

Efla öryggi borgarbúa.

Aðgerð 31

Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum og við þá

Efla samstarf Reykjavíkurborgar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og aðila í ferðaþjónustu til að bæta öryggi á og við skemmtistaði.

Markmið:

Auka öryggi inni á skemmtistöðum.

Ábyrgðaraðili: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsaðilar: Reykjavíkurborg, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Tímarammi/staða: Er hafið, til frambúðar.

Áætlaður kostnaður: Kostnaður við myndavélar sem borgin er búin að setja upp, starfsframlag þeirra sem eiga sæti í teyminu.

Er í gangi.

Aðgerð 32

Fræðsla fyrir starfsfólk skemmtistaða

Vera með fræðslu fyrir starfsfólk skemmtistaða. Í fræðslunni er m.a. tekið mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðst við efni frá embætti Landlæknis sem hefur í samráði við ríkislögreglustjóra gefið út efni fyrir eigendur og starfsfólk skemmtistaða **Ábyrgð öllum í hag** og byggir á norrænni fyrirmynd.

Markmið:

Efla öryggi fólks inni á skemmtistöðum og við þá.

Ábyrgðaraðili: Teymið.

Samstarfsaðilar: Reykjavíkurborg, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2020

Er gert.

Vændi og mansal

Mansal fer eðli málsins samkvæmt mjög leynt og er þörf á að virkja almenning til að fylgjast með sínu nærumhverfi og þekkja merki mansals. Reykjavíkurborg vill vinna gegn vændi, bæði með því að tryggja úrræði sem geta komið í veg fyrir að fólk leiðist út í vændi og með aðstoð við fólk við að vinna úr afleiðingum vændis, en kaup á því eru ólögleg.

Aðgerð 33

Samvinna gegn vændi og mansali

Efling samstarfs í vinnu gegn vændi og mansali. Teymi sem skipað er fulltrúum lögreglu, byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlits, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, mannréttindaskrifstofu, vinnueftirlits, velferðarsviðs og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar byggi upp þekkingu á mansali og því hlutverki sem hvert og eitt embætti gegnir eða getur gengt í því sambandi.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Allir sem eiga sæti í teyminu.

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2020.

Teymið er starfrækt.

Aðgerð 34

Árveknisátak gegn vændi og mansali

Vera með árveknisátak til að fá borgarbúa til að vinna gegn vændi og mansali. Reykjavíkurborg vinni að þessu átaki í samstarfi við þá aðila sem gleggst til þekkja, skoði samstarf við lögreglu og verkalýðsfélög og nýta þá miðla sem borgin hefur yfir að ráða.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: Allir sem eiga sæti í teyminu um mansal, verkalýðsfélög og aðrir sem vilja leggja verkefninu lið.

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2019.

Það er verið að skoða þetta í samvinnu við ríkið.

Aðgerð 35

Hótel og gistiheimili án vændis

Skoða mögulegt samstarfs við hótél og gistihúsaeygndur um að útiloka vændi. Fyrirmynd verkefnisins er m.a. *Real stars* verkefnið í Gautaborg.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Samstarfsaðilar: Hótel og gistihúsaeygndur.

Tímarammi/staða: 2018 til og með 2019.

Er í gangi, búið að skrifa undir samning um þetta efni. Verkefnið er nú á könnu SAF.

Aðgerð 36

Nordic safe cities

Vinna með norrænum borgum að auka öryggi í borgum. Í þessu verkefni hafa tekið þátt tuttugu borgir frá öllum Norðurlöndunum. Upphaf verkefnisins má rekja til þeirra voðaverka sem framin voru í Útey.

Markmið:

Að fyrirbyggja einangrun einstaklinga í samfélaginu með ýmsum hætti og koma þannig í veg fyrir ofbeldi sem upp getur komið hjá einstaklingum eða hópum.

Ábyrgðaraðili: Borgarstjóri/mannréttindaskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Öll svið borgarinnar.

Tímarammi/staða: 2018 til 2020.

Samvinna í gangi.

#Metoo – kynbundin og kynferðisleg áreitni í starfsumhverfi borgarinnar

#Metoo byltingin sýndi fram á mikilvægi þess að allt samfélagið bregðist við og vinni gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Niðurstöður viðhorfskannana meðal starfsfólks borgarinnar hafa einnig sýnt fram á nauðsyn þess að taka á þessum málum í starfsumhverfi borgarinnar. Einnig þarf að endurskoða siðareglur bæði starfsfólks og kjörinna fulltrúa og efla kynningu á þeim.

Markmið:

Útrýma kynbundinni-, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar.

Aðgerð 37**Vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi borgarinnar**

Vinna að framkvæmd 12 tillagna sem samþykktar voru í borgarstjórn 20 febrúar 2018 um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd, forsætisnefnd, mannauðsdeild, mannréttindaskrifstofa og barnavernd.

Samstarfsaðilar: Öll svið borgarinnar.

Tímarammi/staða: 2018 til 2020.

Sumt hefur verið gert en annað ekki klárað: Þessu hefur verið fylgt eftir með bréfaskriftum og nýlega kallað eftir upplýsingum um stöðu mála.